

1864.

10. ágúst.

ákvörðunin einnig verði heimfærð uppá tvo stærstu flóana á Íslandi, Breiðafjörð og Faxaflóa, þá verður stjórnarráðið, eins og konungsfulltrúi hefir í ljósi látið, að álíta það æskilegt, að fastar reglur verði ákveðnar í þessu efni, helzt á þann hátt, að dregin séu takmörk eður takmarkalína, sem útlendingar eigi mættu fara inn fyrir til fiskiveiða á þessum tveim flóum, og að lína þessi á Faxaflóanum verði ákveðin á þann hátt, sem konungsfulltrúi hefir stungið uppá.

Eptir því, sem nú hefir sagt verið, þykir dómsmálastjórninni hlýða að bera það mál upp við utanríkisstjórnina, hvort henni ekki þyki ástæða til að fara að semja við keisarastjórnina á Frakklandi, og ef til vill einnig við konungsstjórnina á Bretlandi hinu mikla, um fyrirkomulag á málefni þessu, samkvæmt því, sem hér að ofan hefir verið tekið fram.

Dómsmálastjórnin vonast eptir að fá vísbending um, hvað hið heiðraða stjórnarráð ræður af í þessu efni, og biður um að fylgiskjölin verði aptur send.

17. ágúst.

73. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtannsins og amtmannanna á Íslandi, um rit eptir Krabbe, doktor, um sullaveikina á Íslandi.

Um leið og yður, herra (tit.), hërmeð eru send 1000 exemplör af „Athugasemdum banda Íslendingum um sullaveikina og varnir móti henni“, er Krabbe, dr. med. & chir., hefir samið, en dómsmálastjórnin látið íslenzka og út gefa, skal skorað á yður að láta útbýta riti þessu ókeypis meðal íbúanna í suðurumdæminu (vesturumdæminu, — norður- og austurumdæminu.)